

## 047/01 - Geir Goði GK 245

Geir Goði GK 245, skipverji slasast þegar verið var að hífa fiskkar með ís niður í lest

### Geir Goði GK 245

**Skipaskr.nr.:** 1115

**Smíðaður:** Ísafirði 1970 Stál

**Stærð:** 38,00 brl; 30,00 bt

**Lengd:** 16,00 m **Breidd:** 4,40 m **Dýpt:** 2,80 m

**Vél:** Mitsubishi 265,00 kW **Árgerð:** 1986

**Annað:**

**Földi skipverja:** 6

### Atvikalýsing

Þann 21. apríl 2001 var netabáturinn Geir Goði GK 245 við bryggju í Þorlákshöfn. Verið var að taka um borð 650 ltr. kar, sem var fullt af ís og koma því fyrir í lest. Einn skipverji var í lestinni að taka á móti því, annar skipverji á lúgu að segja til og sá þriðji að stjórna spili.

Til þess að koma karinu fyrir þurfti það að vera aðeins á lofti í lestinni. Sá sem var niðri þurfti að ýta því fram og síðan átti að slaka í sveiflunni. Í stað þess að slaka var híft og við það kom karið á talsverðri ferð til baka og lenti á skipverjanum sem klemmdist upp að afturpílinu í lestinni. Skipverjinn slasaðist illa.

### Við rannsókn kom fram

- að skipverjar í lest og á lúgu gáfu merki um að slaka;
- að spilmaður stóð öfugu megin við spilið og þá virkuðu stjórnþækin öfugt þ.e. hífing virkaði frá stjórnandanum og slökun að honum;
- að betra þótti að vera öfugu megin við stjórnþæki spilsins vegna þrengsla réttu megin;
- að oftast var sá háttur hafður á að standa öfugu megin, en sá sem var vanur að vera á spilinu var ekki um borð og sá sem var á spilinu hafði verið sjaldan á því;
- að karið var um 350 kg að þyngd.

### Nefndarálit

Nefndin telur ástæðu slyssins vera röng vinnubrögð.